

Nr. 11/1876:

Rjettvísinn

gegn

Halldóri Sigurðssyni.

D ó m u r.

Með dómi, uppkveðnum fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. októbermán. f. á., er hinn ákærði Halldór Sigurðsson, vinnumaður á Ánastöðum í Hraunhrepp, dæmdur fyrir afmörkun á tvævetri kind haustið 1874 — hafði hún komið í fje húsbónda hans — og þar að auki fullorðinni á haustið 1871 eða 1872, sem einnig var komin saman við fje þáverandi húsbónda hans, og loks fyrir að hafa dregið sjer lamb, sem annar maður átti, í Hítardalsrjett, og rekið það heim til sín og afmarkað það. Allar þessar afmarkanir framdi hann í þeim tilgangi að eignast kindurnar eptir afmörkunina.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefur eigi áður sætt hegningu nje ákæru, og hefur undirdómarinn heimfært þessi brot hans undir 250 gr. hegningarlaganna smbr. 249. gr. Þessar lagagreinir virðast að vísu eiga við afmörkunina á tveimur fyrst nefndu kindunum; en lambið dró hann sjer í skilarjett, án þess það væri áður komið saman við fje hans eða húsbónda hans, rak það heim til sín og afmarkaði, þó það yrði ekki fyllilega, undir sitt mark. Hinn ákærði hefur þannig sýnt, að hann er mjög óvandur að ráði sínu og þjófgefinn, aptur hafa vitni þau, sem leidd hafa verið undir prófun málsins, borið, að hann sje mjög einfaldur, en þó verður að álíta, að hann hafi fullt skyn á verkum sínum, og eigi því að bera fulla ábyrgð á þeim.

Eptir því, sem þannig er fram komið, virðist brot ákærða eiga undir 250. sbr. 249., 231. nr. 1, 47. og 63. grein hegningarlaganna, og virðist hegningin hæfilega

metin eptir öllum málavöxtum 8 mánaða betrunarhússvinnu. Svo ber honum og að greiða allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal málsvarnarlaun til svaramanns síns í hjeraði 4 krónur, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10kr. til hvors í málsfærslulaun.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn ákærði Halldór Sigurðsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, og borga allan löglegan kostnað af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði, Jónatans Salómonssonar, 4 krónur, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum

Nr. 6/1876: Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson
 gegn
 hreppsnefndinni í Álptaneshreppi.

D ó m u r.

Mál þetta er risið út af ágreiningi milli Seltjarnarneshrepps og Álptaneshrepps um eignarrjettinn til 3 ómerkinga, sem að komu í síðari Gjáarjett 28. september 1874, og sem engin ær helgaði sjer. Af því Gjáarjett er sameiginleg rjett Seltjarnarneshrepps og Álptaneshrepp, fór hreppstjórinn í Seltjarnarneshrepp, Ingjaldur Sigurðsson á Lambastöðum, því fram, að ómerkingarnir væru sameiginleg eign beggja hreppa, og skoraði á hreppstjóran í Álptaneshrepp, Guðmund Eyjólfsson í Hlíð, að selja ómerkingana þá þegar eða þá að hálfum mánuði liðnum og skipta andvirðinu til